

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 5. september kl. 9:07, var haldinn 7. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Ráðssal Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Geir Finnsson, Alexandra Briem, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgbórsson, Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Sonja Wíium, Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 2-11. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir liðum 12-16. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

(A) Skipulagsmál

Hjálmar Sveinsson er settur formaður í fjarveru Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur í upphafi fundar.

1. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa** Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerðir

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018.

2. **Hallarmúli 2, breyting á deiliskipulagi** (01.261.1) Mál nr. SN170870
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. mótt. 20. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar 2 vegna lóðarinnar nr. 2 við Hallarmúla. Breytingin felst í meginatriðum í því að auka leyfilegt byggingarmagn og auka hæðarfjölda á lóðinni með tilliti til aðliggjandi byggðar, í byggingunni verður hótél, leyfilegur hæðarfjöldi verður 5 hæðir með efstu hæðina inndregna frá Hallarmúla en til vesturs stallast byggingin niður í 1 hæð, bílastæði verða fjarlægð af yfirborði lóðarinnar og gerður er bílakjallari, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. nóvember 2017, síðast br. 2. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Eik fasteignafélag hf. f.h. LF2 dótturfélag dags. 2. maí 2018, Advel lögmenn f.h. Reita-hótela dags. 8. maí 2018, Advel lögmenn f.h. Flugleiðahótela ehf. dags. 8. maí 2018, Landslög f.h. Íslenskar Orkuvirkjunar ehf. dags. 9. maí 2018 og Rúnar S. Gíslason lögm. formaður Húsfélagsins Lág múla 5 dags. 9. maí 2018.

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.

Kl. 9:09 taka Kristín Soffía Jónsdóttir og Eyþór Laxdal Arnalds sæti á fundinum.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.

Vísað í borgarráð.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka: “Það vekur furðu að hér sé samþykkt breyting á deiliskipulagi til að leyfa einstaka nýbyggingu þar sem breytingu á Ármúla 7 var nýlega hafnað með þeim rökum að þar þyrfti breytingu á deiliskipulagi í heild. Það gerðist 22. ágúst síðastliðinn. Það er ekki gert hér þó reiturinn sé á sama skipulagssvæði. Miðað við framlögð rök hefði átt að samþykkja breytingar á Ármúla 7, enda voru þær í samræmi við hæð nærliggjandi húsa. Mikilvægt er að ákvarðanir í skipulagsmálum séu ekki óhóflega matskenndar.

Fulltrúi Pírata Alexandra Briem, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Geir Finnsson bóka:

“Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar telja eru að sumu leyti ólík þótt lóðirnar séu í sama hverfi. Í Hallarmúla er um ófullbyggða lóð að ræða en lóðin við Ármúla er að heita má

fullbyggð. Fyrirhuguð breyting við Hallarmúla gerir ráð fyrir stakstæðu húsi sem er mjög í takt við þau hús sem fyrir eru og skipulagsheimildir á svæðinu. Við tökum undir mikilvægi þess að málsmeðferð þurfi að vera skýr og fagleg. Við tökum álit sérfræðinga umhverfis og skipulags”.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 9:51 vikur Alexandra Briem af fundi, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma og tekur við formennsku af Hjálmari Sveinssyni.

3. **HverfisSKIPULAG, ÁRBÆR - 7.1 ÁRTÚNSHOLT,** (07.1) Mál nr. SN170594
7.2 ÁRBÆR og 7.3 SELÁS, tillaga

Kynning á tillögu að hverfisSKIPULAGI ÁRBÆJAR, hverfi 7.1 ÁRTÚNSHOLT, 7.2 ÁRBÆR og 7.3 SELÁS.

Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **HverfisSKIPULAG, ÁRBÆR 7.1 ÁRTÚNSHOLT,** (07.1) Mál nr. SN150143
tillaga

Kynning á tillögu að hverfisSKIPULAGI ÁRBÆJAR, hverfi 7.1 ÁRTÚNSHOLT.

Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **HverfisSKIPULAG, ÁRBÆR 7.2 ÁRBÆR,** tillaga (07.2) Mál nr. SN150144

Kynning á tillögu að hverfisSKIPULAGI ÁRBÆJAR, hverfi 7.2 ÁRBÆR.

Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **HverfisSKIPULAG, ÁRBÆR 7.3 SELÁS,** tillaga (07.3) Mál nr. SN150145

Kynning á tillögu að hverfisSKIPULAGI ÁRBÆJAR, hverfi 7.3 SELÁS.

Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **BRÚNAVEGUR 13 - HRAFNISTA,** breyting á (01.351) Mál nr. SN180547
deiliskipulagi

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

570269-2679 Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 25. júlí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Laugarás Hrafnistu vegna lóðarinnar ne. 13 við Brúnaveg. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit fyrir loftræstiklefa fyrir framleiðslueldhús Hrafnistu, samkvæmt uppd. THG Arkitekta ehf. dags. 25. júlí 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **KJALARNES, JÖRFAGRUND 54-60,** breyting á (03.247.2) Mál nr. SN180367
deiliskipulagi

500101-2370 Hús invest ehf., Lambhaga 3, 800 Selfoss

Lögð fram umsókn Home Apartments ehf. dags. 14. maí 2018 ásamt bréfi dags. 7. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis vegna lóðarinnar nr. 54-60 við

Jörfagrund. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum úr átta í þrettán, færa hús frammar í lóðina og færa bílastæði aftar í lóð meðfram langhlið á húsi, samkvæmt uppdr. Aðalsteins V. Júlíussonar dags. 15. mars 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Norðurbrún 2**, breyting á deiliskipulagi (01.352.5) Mál nr. SN180468
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 21. júní 2018 um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst að rífa núverandi verslunarhús og byggja nýtt íbúðarhús með verslun að hluta til á 1., 2. hæðin verður inndreginn frá suðvestri. Húsin verða því tvær hæðir og kjallari með verslun - og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð, samkv. uppdráttum THG Arkitekta ehf. dags. 4. júní 2018. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 4. júní 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

10. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 987 frá 4. september 2018.

(C) Fyrirspurnir

11. **Kjalarnes, Nesvík, (fsp) íbúðabygð** Mál nr. SN180353
561215-2000 Nesvík fasteignir ehf., Brautarholti 4, 116 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Nesvík fasteignir ehf. dags. 8. maí 2018 um uppbyggingu íbúðabygðar í Nesvík á Kjalarnesi, samkvæmt tillögu KRADS ehf. dags. 7. maí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa 24. ágúst 2018.

Leiðrétt bókun frá fundi skipulags- og samgönguráðs 29. ágúst 2018

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson taka neikvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

„Mikill og viðvarandi skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði í Reykjavík síðustu ár. Afleiðingin er að gríðarlegur fjöldi fjölskyldna hefur ekki átt annan kost en að flytjast út fyrir borgarmörkin bæði til suðurs, austurs og vesturs. Þetta sést vel á stöðum eins og Reykjanesbær, Hveragerði, Selfoss, Akranes og víðar. Langflestir brottfluttra sækja eftir sem áður vinnu til Reykjavíkur. Miðflokkurinn fagnar því áformum um uppbyggingu í landi Nesvíkur og telur mikilvægt að greiða leið slíkra áforma, enda mikið hagsmunamál fyrir borgarbúa jafnt og Reykjavíkurborg. Miðflokkurinn mælir því með að fyrirspurnin fái jákvæðar viðtökur, enda fengur að fá 600 íbúða bygð í einu úthverfa borgarinnar“.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir greiða á móti fyrirspurninni bóka:

“Fulltrúar D-lista lýsa yfir vonbrigðum vegna neikvæðrar afgreiðslu þessa erindis. Eðlileg uppbygging á Kjalarnesi er nauðsynleg til að það geti þróast á sjálfbæran og eðlilegan hátt.

Óhóflegar takmarkanir á uppbyggingu íbúðarbyggðar hefur verulega neikvæð áhrif á þróun Kjalarness og er í andstöðu við forsendur sameiningar sveitarfélagana fyrir sléttum 20 árum síðan”.

Fulltrúi Flokks fólksins Ásgerður Jóna Flosadóttir bókar:

„Flokkur fólksins harmar þá synjun á uppbyggingu á 600 íbúðum í Nesvík á Kjalarnesi þar sem mikill íbúðaskortur er og hefur verið s.l. ár í Reykjavík mælir Flokkur fólksins með uppbyggingu á umræddu svæði og telur það mjög jákvætt og til framfara að taka jákvætt í hugmyndir um 600 íbúða byggð í Nesvík á Kjalarnesi.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar taka undir niðurstöðu skipulagsfulltrúa. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir talsverðri stækkun Grundarhverfis til vesturs og norðurs. Það þýðir að á næstu árum verður hægt byggja þar fjölda íbúða. Sú uppbygging mun styrkja Grundarhverfið og skjóta stoðum undir meiri verslun og þjónustu. Það er mikill kostur að sú byggð verður innan vaxtamarka Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Við teljum skynsamlegast að láta þá uppbyggingu ganga fyrir uppbyggingu við Nesvík.

Rétt bókun er:

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson taka neikvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

„Mikill og viðvarandi skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði í Reykjavík síðustu ár. Afleiðingin er að gríðarlegur fjöldi fjölskyldna hefur ekki átt annan kost en að flytjast út fyrir borgarmörkin bæði til suðurs, austurs og vesturs. Þetta sést vel á stöðum eins og Reykjanesbær, Hveragerði, Selfoss, Akranes og víðar. Langflestir brottfluttra sækja eftir sem áður vinnu til Reykjavíkur. Miðflokkurinn fagnar því áformum um uppbyggingu í landi Nesvíkur og telur mikilvægt að greiða leið slíkra áforma, enda mikið hagsmunamál fyrir borgarbúa jafnt og Reykjavíkurborg. Miðflokkurinn mælir því með að fyrirspurnin fái jákvæðar viðtökur, enda fengur að fá 600 íbúða byggð í einu úthverfa borgarinnar“.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka:

“Fulltrúar D-lista lýsa yfir vonbrigðum vegna neikvæðrar afgreiðslu þessa erindis. Eðlileg uppbygging á Kjalarnesi er nauðsynleg til að það geti þróast á sjálfbæran og eðlilegan hátt. Óhóflegar takmarkanir á uppbyggingu íbúðarbyggðar hefur verulega neikvæð áhrif á þróun Kjalarness og er í andstöðu við forsendur sameiningar sveitarfélagana fyrir sléttum 20 árum síðan”.

Fulltrúi Flokks fólksins Ásgerður Jóna Flosadóttir bókar:

„Flokkur fólksins harmar þá synjun á uppbyggingu á 600 íbúðum í Nesvík á Kjalarnesi þar sem mikill íbúðaskortur er og hefur verið s.l. ár í Reykjavík mælir Flokkur fólksins með uppbyggingu á umræddu svæði og telur það mjög jákvætt og til framfara að taka jákvætt í hugmyndir um 600 íbúða byggð í Nesvík á Kjalarnesi.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar taka undir niðurstöðu skipulagsfulltrúa. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir talsverðri stækkun Grundarhverfis til vesturs og norðurs. Það þýðir að á næstu árum verður hægt byggja þar fjölda íbúða. Sú uppbygging mun styrkja Grundarhverfið og skjóta stoðum undir meiri verslun og þjónustu. Það er mikill kostur að sú byggð verður innan vaxtamarka Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Við teljum skynsamlegast að láta þá uppbyggingu ganga fyrir uppbyggingu við Nesvík.

(E) Samgöngumál

12. **Kaplaskjólsvegur, stöðubann.**

Mál nr. US180235

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. ágúst 2018 varðandi stöðubann við kant gangstéttar, norðvestan húsagötu við Kaplaskjólsvæg 27-71. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

13. **Hringbraut, málefni Hringbrautar**

Mál nr. US180233

Umræða um málefni Hringbrautar með áherslu á gatnamót Hringbrautar og Hofsvallagötu. Hringbraut fer í gegnum Vesturbæinn þar sem fjölmörg börn fara yfir götuna daglega í skóla eða frístundir og foreldrar upplifa börnin sín í hættu.

Stefán Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Göngustígur í Fellahverfi** bann við akstri
léttra bifhjóla

Mál nr. US180239

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 31. ágúst 2018 varðandi bann við akstri léttra bifhjóla á göngustíg í Fellahverfi. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

“Miðflokkurinn er sammála banni akstri léttra bifhjóla á téðum göngustíg enda bent á hættu vegna hraðaksturs og ekki síst hávaðamegnunar. Miðflokkurinn telur þó ekki rétt að banna notkun rafknúinna vespa sem ná mun minni hraða eða um það bil 20km hraða á klst. en það er mun minni hraði en venjulegt reiðhjóla nær auðveldlega. Rökin fyrir banninu eru hraði og hávaði og hvorugt á við um téðar rafknúnar vespur. Því verður Miðflokkurinn að lýsa yfir vonbrigðum með að ekki sé betur skilgreint akstursbann sett sem leyfir áðurgreinar rafknúnar vespur, enda mikið notaðar af ungu krökkum í úthverfum. Það er slæm hugmynd að vísa þessum krökkum út á bílagötur með tilheyrandi hættu fyrir þau”.

Lilja Sigurbjörg Harðardóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Steinbryggja, kynning**

Mál nr. US180237

Kynning á tillögu að breyttri hönnun á Steinbryggju, áður Pósthússtræti. Við framkvæmdir í Pósthússtræti við Hafnartorg var grafið niður að Steinbryggju, bryggjan er friðuð og í góðu ástandi. Lagt er til að bryggjan verði gerð sýnileg til frambúðar og tillagan sýnir fyrstu drög að útfærslu. Kynnt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka:

„Það er ánægjulegt að sjá fyrstu hugmyndir um breytta hönnun á svæðinu, varðveita steinbryggjuna og gera hana sýnilega eins og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt til. Steinbryggjan er í góðu ástandi og hefur mikið sögulegt gildi fyrir borgina, ferðamenn og borgarbúa.“

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Geir Finnsson bóka: „Það er ánægjulegt að sjá hversu vel steinbryggjan hefur varðveist í tímans rás. Á þessum stað bankar sagan upp á og vissulegt fagnaðarefni að geta mætt henni svo vel. Af þessum sökum fagna fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar framlagðri tillögu Umhverfis og skipulagssviðs um varðveislu hennar.“

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

16. **Bílastæðastefna**, erindisbréf

Mál nr. US180201

Lagt fram erindisbréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. ágúst 2018 varðandi stýrihóp um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum.

Erindisbréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. ágúst 2018 samþykkt.

17. **Götuheiti**, Laugardalur, Hólmsheiði,
Landspítalinn

Mál nr. US180196

Lögð fram fundargerð nafnanefndar dags 5. júlí 2018 ásamt tillögum að götuheitum við Landspítalann.

Leiðrétt bókun frá fundi skipulags- og samgönguráðs 29. ágúst 2018

Tillögum að götuheitum við Landspítalann synjað.

Rétt bókun er:

Tillögum að götuheitum við Landspítalann synjað.

Vísað til borgaráðs.

Skipulags- og samgönguráð bókar:

Skipulags og samgönguráð fagnar þeim fjölmörgu nýju götuheitum sem götunafnanefnd hefur gert tillögu um síðustu misserin. Ráðið telur það góða hugmynd að nefna götur á Landspítalalóðinni eftir fólki sem hefur lagt fram mikilvægan skerf til lækninga á Íslandi. Ráðið beinir þeirri spurningu til götunafnanefndar hvort ekki megi hafa það þannig á allri lóðinni. Það bendir jafnframt á að í næsta nágrenni er löng hefð fyrir götuheitum með mannanöfnum.

18. **Umhverfis- og skipulagssvið**, yfirlit yfir
innkaup

Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í júní 2018.

19. **Umhverfis- og skipulagssvið**, sex mánaða
uppgjör

Mál nr. US180238

Lagt fram sex mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar til júní 2018.

20. **Umhverfis- og skipulagssvið**, ferðakostnaður

Mál nr. US170113

Lagt fram yfirlit yfir ferðakostnað umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið apríl til júní 2018.

21. **Útilistaverk**, ný staðsetningu á brjóstmynd af
Gunnar Thoroddsen

Mál nr. US180112

Lögð fram tillaga að nýrri staðsetningu á brjóstmynd af Gunnar Thoroddsen eftir Sigurjón Ólafsson (H-088)
Frestað.

22. **Skipholt 44 og 50**, málskot (01.253)

Mál nr. SN180611

200677-2699 Marcos Zotes López, Skipholt 44, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Marcos Zotes López og Gerðar Sveinsdóttur dags. 29. ágúst 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 16. febrúar 2018 varðandi hækkun á þaki hússins á lóð nr. 44 og 50 við Skipholt, breyta notkun rishæðar og setja kvisti og svalir á húsið.

Frestað.

23. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US180202
framkvæmdir við Klambratún, Birkimel,
Rauðagerði og Kringlumýrarbraut
- Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi hver staðan er staðan á framkvæmda við Klambratún, Birkimel, Rauðagerði og Kringlumýrarbraut? Einnig lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds, dags. 31. ágúst 2018.
Frestað.
24. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US180203
Staða malbikunarframkvæmda
- Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um malbikunarframkvæmdir: Hver er staða malbikunarframkvæmda á götum Reykjavíkurborgar? Einnig lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds, dags. 31. ágúst 2018.
Frestað.
25. **Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa** Mál nr. US180220
Sjálfstæðisflokksins,, Gufunes
- Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Valgerðar Sigurðardóttur og Mörtu Guðjónsdóttur.
Hver eru framtíðaráform varðandi Gufunes ? Hver er staða á gildandi skipulagi, hvaða framkvæmdir eru hafnar og hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar?
Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2018.
Frestað.
26. **Tillaga Flokks fólksins, gönguljós** Mál nr. US180167
- Lögð fram tillaga flokks fólksins: Það eru tvö gönguljós, annað á móts við 365 miðla sem vald umferðarteppum á þessum leiðum meiri hluta dags. Það er tillaga Flokks fólksins að í stað þessara ljósa verði settar göngubrýr.
Rökin eru þau að með göngubrúum er flæði umferðar milli umferðarljósa óhindrað. Fólksumferð yfir götuna er mikil og í hvert sinn sem ýtt er á gönguljósinn stöðvast umferðin dagóðan tíma. Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 30. ágúst 2018.
Frestað.
27. **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US180029
undirbúningur vegna viðbyggingar við
Háteigsskóla og Melaskóla
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. febrúar 2018 þar sem tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarráðs s.d. um undirbúning vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Einnig er lagt fram svarbréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 31. ágúst 2018.
Frestað.
28. **Tillaga borgarráðsfulltrúa** Mál nr. US180072
Sjálfstæðisflokksins, úrbætur á
göngutengslum við Sléttuveg
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. apríl 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. um að vísa svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Magnússon og Halldór Halldórsson, leggja til að úrbætur verði gerðar á göngutengslum við Sléttuveg í

því skyni að auðvelda íbúum við götuna, ekki síst þeim sem eiga erfitt með gang eða nota hjólastóla, að komast á milli húsa og um hverfið. Leitast verði við að tengja saman gangstéttir og göngustíga milli húsa, t.d. Sléttuveg 15-17, svo íbúar þeirra komist hjá því að þurfa að fara eftir götunni þegar þeir fara fótgangandi eða á hjólastól milli húsa. Þá verði úrbætur gerðar á gangstéttarbrúnum í hverfinu og fláum fjölgað í því skyni að auðvelda fólki í hjólastólum að komast leiðar sinnar. Við undirbúning framkvæmda skal samráð haft við öll húsfélög við Sléttuveg og þeim gefinn kostur á að skila ábendingum um hvaða framkvæmdir séu æskilegar svo áður nefndum markmiðum verði náð."

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. ágúst 2018.

Frestað.

29. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,**
brugðist verði við alltof hárra vatnsstöðu við
byggðina í Norðlingaholti

Mál nr. US170156

Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins: "Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Áslaug Friðriksdóttir leggja til að brugðist verði nú þegar við alltof hárra vatnsstöðu við byggðina í Norðlingaholti. Svæði sem áður var á þurru er nú umflotið milli Norðlingaholts og Rauðhóla. Athuga þarf hvort ekki þarf að lækka vatnsstöðu Elliðavatnsins eins og áður var gert með því að opna lokur í stíflugarði og hleypa vatni á árfarveg Bugðu sem er þurr neðan stíflugarðs í Elliðavatni."

Einnig er lögð fram greinargerð.

Einnig lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds, dags. 31. ágúst 2018.

Frestað.

30. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,** ekki
verði mokað yfir steinbyggju við
Tryggvagötu
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Mál nr. US180232

Lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins um að ekki verði mokað yfir steinbyggju við Tryggvagötu

Frestað.

31. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,**
Elliðaárdalur, friðlýsing

Mál nr. US180177

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem lagt er til að unnið verði að því að Elliðaárdalurinn verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars og dýralífs. Einnig er lögð fram greinargerð.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs bókðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson eftirfarandi:

Það er ekki tilviljun að meirihlutinn í umhverfis- og heilbrigðisráði bregði á það ráð að fresta tillögu okkar sjálfstæðismanna um friðlýsingu Elliðaárdalsins. Enda liggur fyrir tillaga á dagskrá skipulags- og samgönguráðs í dag um að samþykkja nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir byggingum sem ganga munu freklega á land Elliðaárdalsinn og gerir ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi þar. Það undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að unnið verði að friðlýsingu Elliðaárdalsins og nærliggjandi umhverfi hans í samráði við umhverfisráðherra og umhverfisstofnun með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013

Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. ágúst 2018.

Frestað.

32. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins,**
varðandi breyttan opnunartíma bílastæðahúsa
borgarinnar

Mál nr. US180241

Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins þar sem lagt er til að bílastæðahús borgarinnar verði opin allan sólarhringinn. Einnig er lögð fram greinargerð.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra

33. **Freyjubrunnur 23**, kæra 112/2018 (02.695.4) Mál nr. SN180618
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. ágúst 2018 ásamt kæru dags. 29. ágúst 2018 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur um útgáfu framkvæmdaleyfis á lóðnni Freyjubrunnur 23.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra

34. **Frakkastígur - Skúlagata**, kæra 95/2018, (01.15) Mál nr. SN180525
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. júlí 2018 ásamt kæru dags. 10. júlí 2018 þar sem kærð er ákvörðun um breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skúlagötusvæðis, auglýst í B-deild Sjórnartíðinda 15. júní 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2018.

35. **Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólabrú 2**, kæra 41 og 42/2017, umsagnir, (01.141.2) Mál nr. SN170331
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lögð fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. apríl 2017 ásamt kæru 41/2017 og dags. 10. apríl 2017, ásamt kæru 42/2017, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna Lækjargötu 10 og 12, Vonarstrætis 4-4b og Skólabrúar 2. Í kærunum er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig lagðar fram umsagnir skrifstofu sviðsstjóra, dags. 26. maí 2017 vegna kæru 41/2017 og dags. 29. maí 2017 vegna kæru 42/2017. Lagðir fram bráðabirgðaúrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr.41/2017 og máli nr.42/2017, dags. 9. desember 2017. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða samkvæmt hinni kærðu deiliskipulagsákvörðun er hafnað. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 31. ágúst 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 9. febrúar 2017 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi vegna Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólabrúar 2.

36. **Vesturlandsvegur Hallar**, breyting á skilmálum Mál nr. SN180567

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 23. ágúst 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á skilmálum fyrir deiliskipulag Vesturlandsvegar Halla.

37. **Hallveigarstígur 1**, breyting á deiliskipulagi (01.171.2) Mál nr. SN180289
550513-0560 PARAS ehf., Súlunesi 14, 210 Garðabær

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 23. ágúst 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.2, Laugavegar-Skólavörðustígsreitur, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg.

38. **Hraunbær-Bæjarháls**, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN160847

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 23. ágúst 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breyttum uppdráttum vegna nýs deiliskipulags fyrir Hraunbæ-Bæjarháls.

39. **Hlíðarendi 20-26**, breyting á skilmálum (01.629.6) Mál nr. SN180488
deiliskipulags
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 23. ágúst 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 20-26 við Hlíðarenda.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:29

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Geir Finnsson
Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Eypór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar
Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005**

Árið 2018, þriðjudaginn 4. september kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 987. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrunn Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack, Gunnar Logi Gunnarsson og Jón Hafberg Björnsson.
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Aðalstræti 10** (01.136.504) 100594 Mál nr. BN054836
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera dyraop milli Aðalstrætis 10 og 16 í gangi neðanjarðar á lóð nr. 10 við Aðalstræti.
Erindi fylgir þinglýst samþykki eiganda Aðalstrætis 16 dags. 27. júlí 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN055118
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688, um er að ræða breytingar á eignarhaldi á tæknirýmum og geymslum í húsum á reit 1, 2 og 11 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfærðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokhaldi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
3. **Austurberg 3** (04.667.101) 112094 Mál nr. BN055091
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir köldum potti norðan við eimbað, núverandi rennibraut endurnýjuð, leiksvæði með vatnsleikjatakjum og fallvarnarefni á yfirborði sunnan við innilaug í Breiðholtslaug á lóð nr. 3 við Austurberg.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

4. **Álfheimar 74** (01.434.301) 105290 Mál nr. BN055127
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta tannlæknastofu í rými sem áður var læknastofur í hluta af 7. hæð og verður hún einnig tengd við tannlæknastofu sem er á 4. hæð í húsinu á lóð nr. 74 við Álfheima.
Bréf hönnuðar dags. 22. ágúst 2018 og umsögn Geislavarna ríkisins dags. 21. ágúst 2018 fylgir.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
5. **Bergstaðastræti 29** (01.184.413) 102073 Mál nr. BN054925
040474-5019 Guðmundur Aðalsteinsson, Danmörk, Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í húsi á lóð nr. 29 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. **Bergþórugata 14A** (01.192.017) 102523 Mál nr. BN055114
070456-5839 Oddur Guðjón Pétursson, Hegrans 11, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049143 v/lokaúttektar þannig að stigi í 0303 og 0401 er að breytast í húsinu á lóð nr. 14.A við Bergþórugötu.
Bréf frá hönnuði um breytingu á aðalhönnuði dags. 15. ágúst 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN055042
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049912 og innrétta búningsherbergi í rými -0102 og koma fyrir stigalyftu í gangi -0110 í verslunar- og skrifstofuhúsinu Katrínartún 4 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
8. **Brautarholt 4-4A** (01.241.203) 103021 Mál nr. BN055115
220255-2479 Einar Guðlaugsson, Tunguvegur 23, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að endurskipuleggja 2. og 3. hæð, stækka 4. hæð yfir svalir til suðurs og innrétta þar 11 gistirými sem verða viðbót við núverandi gististað í flokki II, teg. b fyrir samtals 66 gesti í 32 herbergjum í húsi nr. 4 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt.
Stækkun: 46,2 ferm., 82,2 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. **Dyngjuvegur 6** (01.383.203) 104848 Mál nr. BN054497
120181-5489 Jóhanna Jónsdóttir, Dyngjuvegur 6, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu undir svölum, breyta geymslu í kjallara í herbergi, sikkja glugga og gera hurð út í garð og tröppur frá svölum niður í garð, glerja við útmörk svala og hurð út í garð auk þess sem sótt er um áður gerðar innri breytingar í kjallara í húsi á lóð nr. 6 við Dyngjuveg.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. maí 2018 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. ágúst 2018.
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Dyngjuvegi 8 og Laugarásvegi 57 frá 12. júlí 2018 til og með 9. ágúst 2018. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun: 16,7 ferm., 46,7rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
